

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. reglugerðarinnar:

- a. 3. – 5. mgr. falla brott.
- b. Ný málsgrein bætist við svohljóðandi:

Byggðasamlög sveitarfélags skulu í samanteknum reikningsskilum meðhöndluð á sama hátt og fyrirtæki sveitarfélags þó þannig að notast skal við hlutfallslega ábyrgð sveitarfélagsins í byggðarsamlaginu við færslu eigna, skulda, tekna og gjalda í samanteknum reikningsskilum. Ákvæðið á við um hlutfallslega ábyrgð sama hversu mikil hún er.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli 75. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 3. júní 2020.

Sigurður Ingi Jóhannsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.